

## Fundargerð 241. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	þriðjudagur 27. október 2020
<b>Fundartími:</b>	13:00 – 15:15
<b>Fundarmenn:</b>	Hrafnkell Guðnason varaoddviti Magrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Stefán Geirsson varamaður Árna Eiríkssonar Sigurður Ingi Sigurðsson Eyðís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Björgvin Guðmundsson KPMG undir lið nr. 1

Hrafnkell Guðnason varaoddviti setti fund í forföllum oddvita, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð.

Engar athugasemdir gerðar. Eyðís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsáætlun fyrir Flóahrep 2021 – 2024 - fyrri umræða

Lögð fram til fyrri umræðu Fjárhagsáætlun fyrir Flóahrep árið 2021 – 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykktir með 5 atkvæðum að vísa Fjárhagsáætlun fyrir Flóahrep fyrir 2020 - 2024 til síðari umræðu.

#### 2. Álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatts fyrir Flóahrep árið 2021

##### Útsvar:

Lögð fram tillaga um að álagningarársíða útsvars fyrir árið 2021 verði 14,52 %. Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### Fasteignagjöld:

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningarársíðu fasteignagjalda fyrir árið 2021:

##### a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifsbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

##### b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

##### c-flokkur 1,5 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Álagningarhlutfall í c-stofni lækkar um 0,15 % frá fyrra ári.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 3. Gjalddagareglur fasteignagjalda

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út heldur sendir rafrænt á island.is.

Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því. Mikilvægt er að það komi fram í skyringartexta á álagningaseðli að sérstaklega þarf að óska eftir útprentuðum greiðsluseðlum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 4. Gjaldskrár fyrir árið 2021

##### a) Gjaldskrá sorphirðu og seyru

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2021 sem miðar við 3 % hækkun frá fyrra ári. Seyrulosunargjald hækkar um 3 % frá fyrra ári.

Sorphyrða	
240 l tunna	17.305 kr
660 l kar	51.012 kr
1100 l kar	84.904 kr
Sorpeyðing	
Íbúðir	17.672 kr
Sumarhús	17.672 kr
Atvinnurekstur lõnaðarhverfi	38.558 kr
Atvinnur. Lögbýli	20.885 kr
Seyrulosun pr. ár.	10.250 kr

Samþykkt með 5 atkvæðum og vísað til síðari umræðu.

##### b) Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps vegna ársins 2021 - fyrri umræða

Lögð fram tillaga að eftirfarandi varðandi innheimtu á vatnsgjaldi fyrir Vatnsveitu Flóahrepps fyrir árið 2021:  
Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að lágmarksálagning á íbúðarhús verði 21.468 kr og hámarksálagning 42.286 kr.  
Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 35.780 kr.

Lágmarksgjald íbúðarhúsa kr. 21.468 verði viðmið álagningar á vatnstæki í beitarhólfum.  
Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

##### c) Gjaldskrá félagsheimila – fyrri umræða

Lögð fram gjaldskrá fyrir félagsheimilin í Flóahreppi fyrir árið 2021.  
Gjaldskráin gerir ráð fyrir 3 % hækkun frá árinu 2020.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5. Frá Alþingi til umsagnar:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (jöfnun atkvæðavægis), 27. mál  
Lagt fram til kynningar.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning), 21. mál  
Lagt fram til kynningar.
- Frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála, 15. mál  
Lagt fram til kynningar.
- Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál  
Lagt fram til kynningar.
- Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisoffeldismál, 85. mál  
Lagt fram til kynningar.

#### 6. Frá Sýslumannni Suðurlands - Umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um gistiþeyfi skv. lögum um gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007

Lagt fram erindi frá sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Flóahrepps vegna umsóknar Árbergs ehf. kt. 470408-0490, ábyrgðarmaður Ragnar Vignir Guðmundsson kt. 200956-3389, um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir Birtu gistiheimili, skv. lögum nr. 85/2007 og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um athugasemdalauðas umsagnir annarra lögbundinna umsagnaraðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 7. Erindi frá Soroptimista klúbbi Suðurlands – styrkbeiðni vegna verkefnisins Sigurhæðir frestað á SF\_240**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlag kr. 50.000 til verkefnisins.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 8. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – reiðvegir**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlag kr. 1 milljón til reiðvegagerðar á árinu 2021.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 9. Heilsueflandi samfélag – umsókn Flóahrepps til embættis landlæknis**  
Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að ganga frá umsókn til Landlæknisembættisins um þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 10. Fundargerðir:**
- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 240, dags. 06.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - b) Æskulýðs- og tómstundanefndar nr. 46, dags. 19.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - c) Byggðasafns Árnesinga nr. 17, dags. 05.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - d) Fundar löggreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - e) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 197, dags. 06.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - f) Framkvæmdaráðs Almannavarna Ánessýslu dags. 28.09.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - g) NOS dags. 02.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - h) Stjórnar Bergrisans nr. 21, dags. 12.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 889, dags. 16.10.2020  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**11. Efni til kynningar:**

- a) Svæðisskipulag Suðurhálendis samantekt frá SASS og Eflu verkfræðistofu
- b) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 3. nóvember klukkan 13:00

*Stefán Geirsson (sign)*

*Margrét Jónsdóttir (sign)*

*Rósa Matthíassdóttir (sign)*

*Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)*

*Hrafnkell Guðnason (sign)*

*Eydís P. Indriðadóttir (sign)*

Atvinnu- og umhverfisfundur 27.maí 2020 kl.16:00 í Fjölheimum

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Almar Sigurðsson, Íris Grétarsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson

Fjarverandi: Axel Einarsson

**1. Atvinnurekendalisti - næstu skref:**

Fundur sem vera átti með sveitastjóra til þess að fara yfir atvinnurekenda lista frestaðist vegna COVID19 lokana og leggur nefndin því til að fundin verði nýr tími í haust til þess að hittast.

Ingunn mun finna nýjan tíma fyrir fundinn og boða nefndarmenn.

**2. Tilraunaverkefni um moltugerð á bæjum Flóahrepps**

Nefndin hefur áhuga á að koma af stað tilraunaverkefni um moltugerð í sveitarféluginu sem myndi gera það að verkum að sveitarfélagið getur hætt að kaupa þjónustu við losun lífrænnar tunnu á bæjunum. Sparnaðurinn sem hlytist af þessu yrði nýttur í þágu samfélagsins t.d. í einhverskonar uppyggingarverkefni eða annað sem íbúar sameinast um.

**Nefndin leggur til að eiga þetta samtal við íbúa Flóahrepps á tilvonandi íbúafundi þar sem ræða á um gildi og stefnumótun sveitarfélagsins.**

**3. 17.júní verðlauna afhending**

Senda þarf auglýsingum um tilnefningar á Áveituna fyrir vikulok og hafa þar inni að skilafrestur sé til 10.júní. Nefndin mun svo vera í samskiptum varðandi niðurstöðu verðlauna fyrir 15.júní.

Ekki er alveg víst að neinn úr nefndinni sjái sér fært að vera viðstaddir afhendingu sökum ferðaplanar og mun sveitastjóri þá afhenda verðlaunin.

Jafnframt verður farið í að uppfæra texta á viðurkenningarskjali og tillaga er um að fá Axel Einarsson til þess að skrautskrifa nafn verðlaunahafa á viðurkenningarskjalið.

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál

**Næsti fundur: haust 2020 – tímasetning kemur síðar**

Fundi slitið kl.17:00



Selfossi 25. september 2020

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**10. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 25. september 2020,  
kl. 8.15 í fjarfundi.**

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir,  
Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli,  
Pétur Pétursson og Unna Björg Ógmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Útboð á stigabíl**

Pétur sagði frá niðurstöðu í stigabílaútboðinu. Fimm tilboð bárust og fundaði sameiginleg dómnefnd frá Brunavörum Árnessýslu og Slökkviliði Akureyrar um tilboðin. Farið var yfir tæknilegar upplýsingar samkvæmt kröfulýsingu og tilboð metin til einkunnar umfram lágmarkskröfur, fjórír bílar stóðust lágmarkskröfur. Það tilboð sem hlaut hæstu einkunn dómnefndar var einnig lægsta verðtilboðið.

Áætlun miðaðist við 722.000 evrur sem á þáverandi gengi var um 100 milljónir íkr. Tilboðið var lægra í evrum en vegna gengismunar var það hærra í íslenskum krónum. Tilboðið er með virðisaukaskatti, hann faest endurgreiddur en þarf að fjármagna. Stjórn samþykkir að taka tilboði 1 með þeim fyrirvara um niðurstöðu Akureyrarbæjar.

Lántökuheimild er kr 100.000.000.- fyrir árið 2020. Umræður um hvaða leið á að fara í fjármögnun. Þau mál verða skoðuð og ákvörðun tekin á næsta fundi.

### **2. Önnur mál**

- a. Pétur fór yfir stöðu á gerð fjárhagsáætlunar.
- b. Næsti fundur verður næstkomandi þriðjudag kl 8:15

Fleira ekki gert.  
Fund slitið kl. 8.38



Selfossi 29. september 2020

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**11. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 29. september 2020,  
kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir (í fjarfundi), Halldóra Hjörleifsdóttir (í fjarfundi), Gísli Halldór Halldórsson (í fjarfundi), Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Fjárhagsáætlun 2021**

Pétur fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2021. Hækkun á launalið er nokkur vegna nýrra kjarasamninga. Stjórn samþykkir að fresta ráðningu tveggja dagvinnumanna um eitt ár í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Umræða um kostað vegna nýrrar björgunarmiðstöðvar á Flúðum, samþykkt að setja 60 milljónir inn í fjárhagsáætlun 2021 fyrir fyrsta áfanga nýrrar byggingar.

### **2. Útboð á stigabíl**

Umræður um fjármögnunarleiðir.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 8:50



Selfossi 8. október 2020

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**12. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 8. október 2020,  
kl. 8.15 í fjarfundi.**

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir,  
Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli,  
Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Fjárhagsáætlun 2021**

Pétur fór yfir nýjustu drög að fjárhagsáætlun 2021. Áætluð framlög sveitarfélaga eru tæpar 372 milljónir árið 2021 sem er 11,5% hækkun milli ára. Sú hækkun skýrist að mestu leyti vegna kjarasamningsbundinna launahækkana vegna áranna 2020 og 2021. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina og vísar henni til afgreiðslu í héraðsnefnd.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 8:44

## Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum haldinn 27. október 2020 kl. 11:00 með fjarfundabúnaði.

Mætt: Frá lögreglustjóra: Kjartan Þorkelsson, Björn Ingi Jónsson og Sveinn Kristján Rúnarsson. Fulltrúar sveitarfélaga í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Einnig sat fundinn Elín Freyja Hauksdóttir, umdæmislæknir sóttvarna. Ásta Stefánsdóttir tók niður punkta úr umræðum.

Covid staðan og verkefni tengd stöðunni.

Björn Ingi – á fundi með sóttvarnalækni í morgun var farið yfir stöðuna verið er að vinna í Landakotssmitinu, 300 í sóttvkí og tæp 30 í einangrun. Hræddir um samfélagssmit útfrá Landakoti. Næstu 2-3 dagar skera úr um það. Líklega verður óbreytt með landamæraskimun, 20% eru að greinast í seinni greiningu. Umræða um að hvetja fólk til að fara ekki út á land. Þar á meðal eru umræður vegna rjúpnaveiða.

Elín Freyja – smit á Sólvolllum kom upp sl föstudag, þar hafði verið tekið við einstakling frá Landakoti, sem bar smit. Eru að klóra í bakkann með að manna stofnunina. Til stóð að fara með hópinn á Eir en það datt uppfyrir vegna mönnunarvanda. 4 hafa verið fluttir á Landspítala. Aðalvandinn er að einangra á milli þeirra sem eru í einangrun og sóttkví. Þróngt húsnæði sem bíður ekki upp á mikið. Settur verður upp bráðabirgðaveggur til að skipta rýminu. Fólk af HSU hefur mannað og verið sent ákall á aðrar stofnanir og reynt að skapa samstöðu milli hjúkrunarheimila um að senda fólk. Lsp er mjög leiður yfir að þetta sé frá þeim komið og eru því að ganga lengra en þeir myndu annars gera. Teymi frá þeim er að koma á eftir til að taka stöðuna á þeim sem hafa greinst jákvæðir og meta hvort það sé hægt að gera eitthvað til að koma í veg fyrir innlögn. Þessi staða getur komið upp á hvaða hjúkrunarheimili og stofnun sem er. Samstaða skiptir öllu máli.

Staðan á Suðurlandi er svipuð og hefur verið, margir hafa útskrifast en síðan bættist við á Sólvolllum. Útfrá þessu smiti er strax komið 3ju gráðu smit. Allir eiga að vera komnir í sóttkví sem tengjast þessu. Þeim fækkar á svæðinu sem eru með lögheimili annarsstaðar, þannig að þeim virðist fækka sem fara í sumarhús í einangrun.

Viðbrögð eftir rekstrarformum er misjafnt, það er alltaf spurning hver borgar. Ef þetta hefði verið heimili á vegum HSU þá hefði starfsfólk verið flutt á milli deilda. Þarna kemur HSU inn sem ráðgjöf og stuðningur og hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf. Fleiri sjálfseignarstofnanir eru til á svæðinu, þar á meðal mjög stór heimili. Reynt er að horfa framhjá þessu varðandi aðkomu HSU, eru að sinna heilbrigðisþjónustu á fólk sem er í neyð. Stjórnin í þessu tilviki er mjög lausnamiðuð og þiggur alla aðstoð og þar hefur ekki komið upp umræða um fjármál þessu tengd.

Umræða varð um að þetta ástand leiðir í ljós talsverða áhættu hjá sjálfseignarstofnunum, sem heilbrigðisráðuneytið þarf að taka á. Einnig var rætt um hvort það sé æskilegt að fólk flæði á milli stofnana. Elín gat þess að það sé hægt að verja starfsfólk mjög vel með búnaði sem það hefur og fraðslu. Allar varúðarráðstafanir eru notaðar, ávinningur af flæði í neyðarástandi er svo mikill að það verður að nota þessar leiðir. Hvaða heimili á Suðurlandi sem er getur lent í svona aðstæðum og myndi þá þiggja aðstoð frá öðrum. Það verður líka til lærðomur í þessu ferli sem nýtist áfram.

Á síðasta fundi var rætt um starfsfólk af erlendum uppruna, skoðað hefur verið með leiðbeiningar og á að styðjast við leiðbeiningar frá covid, en ekki búa til sérleiðbeiningar. Sveitarfélögini brýni fyrir sínu starfsfólkni af erlendum uppruna að fara eftir leiðbeiningum sem eru inni á covid.is ef það hyggur á ferðalög.

Næsti fundur eftir viku. Fundi slitið kl. 11:40.